



Vestmannaeyjum, 8. desember 2023

Viðtakandi: Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Efni: Umsögn Vestmannaeyjabæjar um framvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga

Númer þingmáls: 478

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur sent til umsagnar frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, 478. mál.

Vestmannaeyjabær vísar í umsögn sem send var á fyrri stigum máls (sjá fylgigagn). Sérstaklega þann þátt er lýtur að niðurfellingu á sérstöku fasteignaskattsframlagi sem sveitarfélagið mótmælti harðlega enda hefur sú breyting í för með sér lækkun á framlagi til sveitarfélaga á landsbyggðinni. Fasteignaskattsframlagið er ekki í frumvarpi um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem er nú til umsagnar og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu að það hafi verið tekið út. Það eru mikil vonbrigði.

Eitt af markmiðum umrædds frumvarps er, m.a. að styðja við meðalstór sveitarfélög sem hafa fleiri en einn þéttbýliskjarna og flóknar útgjaldaþarfir. Vestmannaeyjabær er meðalstórt sveitarfélag en ljóst má vera að landfræðileg staða sveitarfélagsins takmarkar verulega alla sameiningarmöguleika eða samrekstur verkefna í byggðasamlögum. Vestmannaeyjabær þarf því að útbúa innviði og þjónustu í samræmi við það og útgjaldaþarfir því töluvert miklar og flóknar.

Kveðið er á um breytur sem hafa áhrif á útgjaldaþörf í viðauka við frumvarpið. Ein breyta sem er tiltekin þar eru **sérstakar samgönguhindranir** sem er sérstaklega fyrir eyjar eins og útreikningar hafa sýnt. Þessa breytu þarf að skilgreina betur þannig að það komi skýrt fram að hún á við eyjar.

Gert er ráð fyrir 4% vog í **sérstakar samgönguhindranir** en það er mat Vestmannaeyjabæjar að sú prósentu þurfi að vera a.m.k. 6% svo sveitarfélagið geti veitt sambærilega þjónustu og önnur sveitarfélög gera.

Ef hækkun vogar úr 4% í 6% vegna **sérstakra samgönguhindrana** kæmi til yrðu áhrif af niðurfellingu fasteignaskattsframlags minni fyrir sveitarfélagið og heildarframlag þá viðunandi.

Virðingarfyllt,

Dr. fa Gunnarsdóttir

Framkvæmdasjóri s.jórnsýslu- og fjármálasviðs

Fylgigagn: Umsögn Vestmannaeyjabæjar um endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs.

Umsögn um endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Í samráðsgátt stjórnvalda er að finna mál nr. 64/2023 um endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og umsagnarfrestur veittur til 27. mars nk.

Í samráðsgáttinni kemur fram að markmiðið með endurskoðuninni sé að bæta gæði jöfnunar, einfalda útreikninga og skipulag sjóðsins og að Jöfnunarsjóður fylgi þróun sveitarfélagagerðarinnar.

Vestmannaeyjabær gerir athugasemdir við umrædda endurskoðun og hafnar tillögum í skýrslu starfshóps um endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og drög að frumvarpi til nýrra heildarlaga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sem byggja á niðurstöðum starfshópsins.

Með breytingunum verður Vestmannaeyjabær af rúmlega 180 m.kr. framlagi úr sjóðnum, sem að sjálfsögðu gerir ekki annað en draga úr möguleikum sveitarfélagsins á að sinna lögbundinni þjónustu með þeim hætti sem hingað til hefur verið gert. Það segir sig sjálft að þegar framlagið dregst saman um næstum fjórðung af þeim framlögum sem verið er að sameina verður eitthvað að gefa eftir. Í ljósi þeirra fjölmörgu verkefna sem Alþingi og stjórnvöld setja sveitarfélögum í síauknum mæli er þessi þróun ekki til þess fallin að veita Vestmannaeyjabæ á að sinna umræddum verkefnum, né mörgum öðrum lögbundnum verkefnum.

Það er einkum þrennt sem Vestmannaeyjabæjar vill koma á framfæri við endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðsins:

1. Fasteignaskattsframlag sé fellt inn í önnur almennari framlög og í raun hverfi. Því var ætlað að jafna tekjutap sveitarfélaga á landsbyggðinni sem stafaði af tiltekinni kerfisbreytingu. Áhrifa kerfisbreytingarinnar gætir enn og því ekki ástæða til niðurfellingar.
2. Eyjaframlag, sem Vestmannaeyjabær telur of lágt í ljósi þess mikla kostnaðar sem fylgir því að halda út þannig samfélagi með öllum sömu innviðum og þjónustu og annars staðar.
3. Stuðningur við forvarnir sem hafa samfélagslega þýðingu og jákvæð fjárhagsleg áhrif fyrir ríkið. Enga hvatningu er að finna í breytingum á regluverki Jöfnunarsjóðs til að stuðla að slíku.

Fasteignaskattsframlag

Með breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, sem Alþingi samþykkti árið 2000, var ákveðið að sveitarfélög fengju sérstakt fasteignaskattsframlag til að jafna stöðu sveitarfélaga á landsbyggðinni. Horfið var frá því að miða álagningarstofn fasteignaskatts við afskrifað endurstofnverð fasteigna margfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík og þess í stað var kveðið á um að stofn til álagningar fasteignaskatts yrði fasteignamat fasteigna. Gert var ráð fyrir að framlag úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þessa næmi 1,1 milljarði kr. til að jafna stöðu sveitarfélaga. Með þessum hætti væri tryggt að lækkunin myndi skila sér beint til þeirra gjaldenda sem nytu góðs af breytingunni. Framlagið er því sérstakt byggðaframlag, ætlað sveitarfélögum utan suðvesturhorns landsins til þess að bæta sveitarfélögum tekjutapið sem því fylgdi að álagningarstofn fasteignamats lækkaði.

Nú kveður við annan tón. Í athugasemd við 5. gr. frumvarpsins segir að sérstök framlög skv. 11. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, verði áfram hluti af sérstökum framlögum sjóðsins í frumvarpinu, að undanskildu fasteignaskattsframlaginu sem falli niður. Í athugasemdum kemur fram að fasteignaskattsframlög falli brott og í staðinn komi framlög vegna sérstakra áskorana sveitarfélaga, sem skiptast annars vegar í framlag vegna höfuðstaðarálags og hins vegar framlag vegna sérstaks

byggðastuðnings. Vestmannaeyjabær mótmælir því harðlega að fasteignaskattsframlögin skuli falla niður og furðar sig á að ekki skuli fjallað um eðli fasteignaskattsframlagsins í skýrslu starfshópsins. Tekur Vestmannaeyjabær jafnframt undir umsögn Bláskógabyggðar um að sú staðhæfing í frumvarpi um endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðsins sé ekki verið að gera breytingar á grundvallarskipulagi sem Jöfnunarsjóðurinn hefur starfað eftir frá árinu 1990, standist ekki. Í raun er sú aðgerð að fella niður fasteignaskattsframlagið ein og sér andstæð markmiðum um framlög á grundvelli byggðasjónarmiða.

Vestmannaeyjabær hefur nýtt tekjustofninn vel. Hafa bæjaryfirvöld ekki brugðið á það ráð að hækka álagningarhlutfall fasteignaskatts til að fá hærra fasteignaskattsframlag. Þvert á móti hefur Vestmannaeyjabær lækkað álagningarhlutfall fasteignaskatt með hækkandi fasteignamati í samræmi við hvatningu stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um að halda álögum á skattgreiðendum og fasteignaeigendum í þessu tilviki í lágmarki.

Vestmannaeyjabær mótmælir því áformum um að fella niður fasteignamatsframlagið, eða sameina öðrum framlögum, með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Áhrifa kerfisbreytinganna sem fasteignaskattsframlaginu var ætlað jafna stöðu sveitarfélaga á landsbyggðinni gætir enn. Því er með þessum áformum verið að gera breytingar á grundvallarskipulagi Jöfnunarsjóðsins, sem haldið er fram í frumvarpinu að sé ekki raunin.

Í tillögum starfshópsins kemur fram að nýti sveitarfélög ekki útsvarshlutfall að fullu komi til skerðingar á framlögum úr Jöfnunarsjóði sem nemi vannýttum útsvarstekjum, þ.e. mismuni á útsvari miðað við hámarksálagningu og útsvari miðað við álagningarhlutfall sveitarfélags. Með þessum tillögum er starfshópurinn og stjórnvöld að hvetja sveitarfélög til skattahækkana íbúa þeirra sveitarfélaga sem tekist hefur með góðri fjármálastjórnun og hagræðingu að halda álögum í lágmarki.

Markmiðin virðast að einhverju leyti snúast um að útbúa hvata til sameiningu sveitarfélaga. Eins og ljóst má vera á staðsetningu Vestmannaeyjabæjar sem eyjar, eru sameiningamöguleikar mjög svo takmarkaðir. Jafnframt er samrekstur verkefna í byggðasamlögum ákveðnum takmörkunum háð. Það þýðir að Vestmannaeyjabær þarf að útbúa innviði og þjónustu eins síns liðs. Að þessu þarf að huga í meira mæli en nú er gert við endurskipulagningu á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Markmið um hvata til sameiningar er því ekki til staðar í tilfelli Vestmannaeyjabæjar, nema af afskaplega takmörkuðu leyti.

Eyjaframlag

Gert er ráð fyrir sérstöku eyjaframlagi í endurskoðuðum reglum, en að mati Vestmannaeyjabæjar þarf hlutfall og framlag þess að hækka umtalsvert. Það er erfitt að átta sig á hvernig slíkt framlag er reiknað og hvort sá stuðull sé sanngjarn eins og hann hefur verið kynntur fyrir bæjaryfirvöldum Vestmannaeyja. Hafa þarf í huga að Vestmannaeyjabær þarf að veita alla sömu þjónustu og önnur sveitarfélög með takmörkuðum möguleikum á að gera það í samvinnu við önnur sveitarfélög vegna landfræðilegrar stöðu. Hafa þarf þessar forsendur í huga við ákvörðun um sanngjarnt framlag til handa eyjasamfélögum.

Forvarnir og framlög

Inn í Jöfnunarsjóðinn sé tekið tillit til forvarnaverkefna sem sveitarfélög eru að vinna að og hefur í för með sér sparnað fyrir ríkið og samfélagið í heild, ýmist til lengri eða skemmri tíma litið. Sem dæmi heilsuefningu og virkni eldri borgara, sem sýnt hefur verið fram á með rannsóknum að seinki þörf þessa hóps fyrir hjúkrunarrými. Með betri heilsu geti fólk búið lengur heima og þjónusta við það minnkar.

Í núverandi fyrirkomulagi við forsendur framlaga úr Jöfnunarsjóði, er alla jafna verið að taka tillit til kostnaðar sveitarfélaga til að þjónusta ýmsa aðila, en ekki er að finna í sjóðnum hvataframlag til þess að sinna forvarnarstarfi. Í tilviki eldri borgara er nauðsynlegt að horfa ekki bara til heimahjúkrunar og vegalengda sem þarf að fara til að þjónusta eldri borgara, heldur búa til hvata fyrir sveitarfélög í formi fjármagns úr Jöfnunarsjóði, til þess að sinna forvarnarstarfi, sem sparar samfélaginu í heild fjármagn, sem ella færi í hjúkrunarrými, heimaþjónustu og annarrar þjónustu.

Framlög vegna íslensku sem annað tungumál

Vestmannaeyjabær telur sanngjarnt að Reykjavíkurborg fái einnit veitt séu sérstök framlög vegna íslensku sem annað tungumál. Með því er gætt ákveðinnar og jafnræðis óháð stærð og staðsetningu sveitarfélagsins.

Niðurstaða

Vestmannaeyjabær leggst gegn tillögu innviðaráðherra um endurskoðun regluverks á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eins og hún liggur fyrir í Samráðsgátt stjórnvalda og telur þörf á að hún þurfi að breytast í grundvallaratriðum áður en hún verðu lögð fram.